

Þegar illa er farið með æskuna og æfina, þá er ellin gerð þunglynd. Og það er von, að hún verði þá þunglynd — ellin.

Líklega þykir ykkur þá vænna um vorið, börn, en haustið — káta, kvika vorið með nýungunum mörgu, sem það færir ykkur. Ykkur finst þið vera í ætt við vorið — það vera einskonar frændi ykkar. Og ykkur þykir vanalega vænt um frændurna ykkar og frænkurnar.

Og ef þið ættuð að velja um vorið eða haustið, þá mynduð þið sjálfsagt kjósa heldur vorið. Og þegar þið hugsuð um kuldann, sem kemur með haustinu, og að kuldinn rekur ykkur inn í hús, og að þið getið ekki verið úti eins mikið og áður, þá kjósið þið ykkur heldur, að einlægt sé vor. Og þegar þið hugsuð um það alt, sem haustið tekur frá ykkur—blómin og grösín og blöðin á trjánum og löngu dagana og hlýindin — þá viljið þið helst, að haustið kæmi aldrei. Og ykkur finst þá að haustið muni vera slæmt.

En haustið kemur samt. Það er ekki til neins að nöldra um það eða malda í móinn og segja við mömmu: „Mamma, eg vil ekki haustið! Það má ekki koma!“ Haustið kemur áreiðanlega — einu sinni á hverju ári. En ekki til þess að vera slæmt við ykkur. Því haustið er ekki slæmt.

Þið skiljið ekki haustið, ef þið haldið, að það vilji vera slæmt við ykkur. Það vill það alls ekki. Það er eitt, sem það vill segja ykkur og kenna ykkur. Og það þurfið þið endilega að læra.

Hvað haldið þið það sé? Eg skal segja ykkur það, ef þið viljið taka eftir. Takið nú eftir!

Já, það er gaman að horfa framan í ykkur núna — horfa inn í hýru augun falllegu á ykkur, bláu, gráu og brúnu, sem næna svo vonarlega og segja svo skemtilega: „Segðu okkur það þá! Við hlustum öll á!“

### *Hvað haustið segir.*

Þegar haustið kemur og blómin fölna og grösín og blöðin á trjánnum, og dagarnir styttast og kólna—, þá hættil fólk við að segja: „Svona er alt breytilegt og hverfult. Hið fagra varir stutta stund. Það fölnar, deyr og hverfur. Þetta er sorglegt! Og haustið vekur sorgar-hugsun.“

„Nei!“—segir haustið. „Eg flyt engan sorgar-boðskap. Og það er engin hrygð yfir mér. Eg er hjórt á svipinu og eg vek engar sorgar-hugsanir, nema hjá þeim, sem illa hafa farið með „vorið“ og „sumarið“ sitt. Það er þeim að kenna, þegar sorg vaknar hjá þeim við að sjá mig. Þegar blómin fölna og